



Umhverfisstefna lðnafls

IDNAFL | Idnafl.is

Síðast uppfært: apríl 2025

Efnisyfirlit

1	<i>Inngangur</i>	2
2	<i>Markmið umhverfisstefnu</i>	2
3	<i>Gildi, reglur og markmið lðnafls</i>	2
3.1	Gildi lðnafls	3
3.2	Meginreglur lðnafls	3
3.3	Meginmarkmið lðnafls	3
4	<i>Markmið lðnafls í umhverfismálum</i>	4

1 Inngangur

Iðnafl (h.e. Iðnafl eða fyrirtækið) er leiðandi fyrirtæki í sölu, lagningu og viðhaldi á gervigrasi á Íslandi sem og epoxy lagningu. Fyrirtækið er einnig leiðandi í lýsingarkerfum fyrir íþróttamannvirki, en kerfin okkar henta einnig í stærri iðnað. Vökvunarkerfi, skiptatjaldabúnaður, staðsteyptar hlaupabrautir og leiksvæði eru einnig á sviði félagsins. Mannauður Iðnafls býr yfir einstakri reynslu og kunnáttu þegar kemur að íþróttamannvirkjum á Íslandi.

Við hjá Iðnafli tökum umhverfisábyrgð okkar alvarlega. Við leggjum áherslu á að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif, draga úr sóun, og nota auðlindir á skilvirkan hátt. Fyrirtækið mun fylgja öllum gildandi lögum og reglugerðum varðandi umhverfismál og miðar að stöðugum umbótum til að bæta umhverfisframmistöðu okkar.

Umhverfisstefnan tekur til allrar starfsemi fyrirtækisins og bæði starfsfólk og stjórnendur skula virða hana í öllum störfum sínum. Iðnafl býður viðskiptavinum sínum upp á umhverfisvottuð og endurnýtt efni í framkvæmdum sem draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.

2 Markmið umhverfisstefnu

Iðnafl vill axla ábyrgð í umhverfismálum og minnka kolefnisspor sitt í öllum þáttum starfseminnar. Iðnafl starfar samkvæmt lögum og reglum og leitar stöðugt leiða til að draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar og koma í veg fyrir mengun.

Við stefnum að því að bæta orkunýtingu með því að nýta endurnýjanlega orku þar sem það er mögulegt og að draga úr orkunotkun. Fyrirtækið mun vinna markvisst að því að minnka úrgang, auka endurvinnslu og lágmarka neikvæð áhrif í bæði innri og ytri þáttum starfseminnar.

3 Gildi, reglur og markmið Iðnafls

Gildi, reglur og markmið Iðnafls byggja á sjálfbærni, nýsköpun og samfélagslegri ábyrgð. Þau eru til hliðsjónar í öllum aðgerðum fyrirtækisins og tryggja að verkefni séu framkvæmd með hag bæði náttúru og samfélagsins að leiðarljósi, en skýr markmið og reglur tryggja að Iðnafl sé árangursríkt í rekstri sínum.

3.1 Gildi lðnafls

Kjarnagildi lðnafls eru grundvallarmál sem skapa traust og því viljum við vera;

- Ábyrg
- Heiðarleg
- Hreinskilin
- Fagleg
- Vandvirk
- Langtímaþenkjandi

3.2 Meginreglur lðnafls

Stjórnendur, yfirmenn og starfsfólk lðnafls skulu ávallt fylgja ákveðnum meginreglum sem eru:

- Starfa eftir kjarnagildum fyrirtækisins
- Benda fólki á það sem vel er gert svo það læri að meta gæði eða notagildi
- Hlýða lögum ásamt faglegum viðmiðum um áreiðanleika, aðgengileika og notagildi
- Veita reglubundna og rétta starfsþjálfun og framúrskarandi og örugga starfsaðstöðu
- Vinna með og þróa gæðustjórnunarkerfi fyrirtækisins í þeim tilgangi að auka gæði og notagildi þjónustu lðnafls með stöðugleika í samskiptum við hagaðila að markmiði

3.3 Meginmarkmið lðnafls

Meginmarkmið lðnafls eru:

- Að lðnafl haldi áfram að vera í hópi framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi
- Að lðnafl verði meðal framsæknustu fyrirtækja á Íslandi í gæðastjórnunarmálum
- Að lðnafl verði meðal framsæknustu fyrirtækja á Íslandi í umhverfismálum

4 Markmið lönafls í umhverfismálum

Lönafl leggur **áherslu** á að:

- Draga úr kolefnisspori rekstursins.
- Að vinna stöðugt að því að draga úr úrgangi og stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu hans.
- Að hafa sjálfbæra þróun og vernd umhverfisins að leiðarljósi í öllu starfi lönafls.
- Nota umhverfisvottuð efni og draga úr notkun eins og hægt er.
- Fara vel með auðlindir og koma í veg fyrir sóun.
- Fylgjast með þróun á nýjungum sem nýtast fyrirtækinu og viðskiptavinum til betri árangurs.
- Orkunotkun haldið í lágmarki og leitast við að draga úr mengun.